STJÓRNARTÍÐINDI C 4 — 1970

19. ágúst 1970. 269 Nr. 23.

AUGLÝSING

um tollasamning um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir.

Hinn 16. júní 1970 var aðalritara Tollasamvinnuráðsins í Brüssel afhent aðildarskjal Íslands varðandi tollasamning um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir. Gildistaka samningsins fyrir Ísland miðast við 16. september 1970.

Samningurinn ásamt íslenzkri þýðingu er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

TOLLASAMNINGUR

um A.T.A. ábyrgðarskjöl fyrir innflutning á vörum um stundarsakir (A.T.A. samningur)

Inngangur.

Ríki þau, sem undirritað hafa samning þennan,

sitja fund á vegum Tollasamvinnuráðsins og samningsaðila Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti (GATT) í samráði við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO),

hafa hliðsjón af tillögum fulltrúa alþjóðaviðskipta og annara hagsmuna um að auðvelda framkvæmd á tollfrjálsum innflutningi vara um stundarsakir,

CUSTOMS CONVENTION

on the A.T.A. carnet for the temporary admission of goods (A.T.A. Convention)

Preamble.

The States signatory to the present Convention.

Meeting under the auspices of the Customs Co-operation Council and the Contracting Parties to the General Agreement on Tariffs and Trade (GATT), in consultation with the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organisation (UNESCO),

Having regard to proposals made by representatives of international trade and other interests for facilitating the procedures for the temporary duty-free importation of goods,

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

eru sannfærð um, að samræmd framkvæmd á tollfrjálsum innflutningi vara um stundarsakir mundi vera til töluverðs hagræðis fyrir starfsemi á sviði viðskipta og menningar og mundi tryggja meiri samrímingu og einingu á tollafyrirkomulagi samningsríkjanna,

og hafa þau því orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

Convinced that the adoption of common procedures for the temporary duty-free importation of goods would afford considerable advantages to international commercial and cultural acivities and would secure a higher degree of harmony and uniformity in the Customs systems of the Contracting Parties,

Have agreed as follows:

I. KAFLI
Skýrgreiningar og löggilding.

1. gr.

Í samningi þessum:

a) þýðir hugtakið „innflutningstollar" tolla og hverskonar önnur gjöld og skatta, sem greiða ber við eða í sambandi við innflutning, þ. á. m. innlend gjöld og kvaðir, sem greiða ber af innfluttum vörum, en taka ekki til gjalda og álaga, sem að upphæð eru takmörkuð við kostnað af veittri þjónustu og fela ekki í sér óbeina vernd innlendra vara eða álög á innflutning í fjáröflunarskyni;

b) þýðir hugtakið „innflutningur um stundarsakir" tollfrjálsan innflutning um stundarsakir í samræmi við skilyrði þau, sem sett eru samkvæmt samningum þeim, er vitnað er til í 3. gr. samnings þessa eða í lögum og reglugerðum innflutningslandsins;

c) þýðir hugtakið „gegnumflutningur" flutning á vörum frá tollstöð á landssvæði samningsríkis til annarrar tollstöðvar á sama landssvæði, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum eða reglugerðum þess samningsríkis;

d) þýðir hugtakið „A.T.A." „ábyrgðarskjal" (Admission Temporaire-Temporary Admission) skjal það, sem prentað er sem fylgiskjal samnings þessa;

Chapter I.
Definitions and approval.

Article 1.

For the purposes of the present Convention:

a) the term "import duties" means Customs duties and all other duties and taxes payable on or in connection with importation and shall include all internal taxes and excise duties chargeable on imported goods, but shall not include fees and charges which are limited in amount to the approximate cost of services rendered and do not represent an indirect protection to domestic products or a taxation of imports for fiscal purposes;

b) the term "temporary admission" means temporary importation free of import duties in accordance with the conditions laid down by the Conventions referred to in Article 3 of the present Convention or by the national laws and regulations of the country of importation;

c) the term "transit" means the conveyance of goods from a Customs office in the territory of a Contracting Party to another Customs office within the same territory, in accordance with the conditions laid down in the national laws and regulations of that Contracting Party;

d) the term "A.T.A. carnet" (Admission Temporaire — Temporary Admission) means the document reproduced as the Annex to the present Convention;

e) þýðir hugtakið „útgáfusamtök“ samtök löggilt af tollyfirvöldum samningsríkis til að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjöl á landssvæði þess samningsríkis;

f) þýðir hugtakið „ábyrgðarsamtök“ samtök, sem löggilt eru af tollyfirvöldum samningsríkis til að ábyrgjast fjárhæðir þær, er nefndar eru í 6. gr. samnings þessa á landssvæði þess samningsríkis;

g) þýðir hugtakið „Ráðið“ stofnun þá, sem byggist á Samningi um Tollasamvinnuráð, er gerður var í Brüssel hinn 15. desember 1950;

h) þýðir hugtakið „einstaklingur“ bæði einstaklinga og persónur að lögum, nema annað leiði af samhengi.

2. gr.

Löggildingu útgáfusamtaka eins og gert er ráð fyrir í (e) málsgrein 1. greinar þessa samnings, má binda því skilyrði að verð A.T.A. ábyrgðarskjala verði í samræmi við kostnað af veittri þjónustu.

II. KAFLI
Gildissvið.

3. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal veita A.T.A. ábyrgðarskjölum viðtöku í stað gildandi tollskjala, og sem tryggingu fyrir þeim fjárhæðum, sem 6. grein þessa samnings getur um. Skal ábyrgðarskjalið hafa gildi á landssvæði samningsaðila og vera gefið út og notað í samræmi við ákvæði þessa samnings um vörur, sem fluttar eru inn um stundarsakir samkvæmt:

a) tollasamningi um innflutning um stundarsakir á atvinnutækjum, gerður í Brüssel 8. júní 1961,

b) tollasamningi varðandi hlunnindi vegna innflutnings á vörum til kynninga eða notkunar á sýningum, vörusýningum, fundum og við önnur

e) the term "issuing association" means an association approved by the Customs authorities of a Contracting Party for the issue of A.T.A. carnets in the territory of that Contracting Party;

f) the term "guaranteeing association" means an association approved by the Customs authorities of a Contracting Party to guarantee the sums referred to in Article 6 of the present Convention, in the territory of that Contracting Party;

g) the term "the Council" means the organisation set up by the Convention establishing a Customs Cooperation Council, done at Brussels on 15th December 1950;

h) the term "person" means both natural and legal persons, unless the context otherwise requires.

Article 2.

The approval of an issuing association envisaged in paragraph (e) of Article 1 of the present Convention may be subject, in particular, to the condition that the price of A.T.A carnets shall be commensurate with the cost of services rendered.

Chapter II.
Scope.

Article 3.

1. Each Contracting Party shall accept in lieu of its national Customs documents, and as due security for the sums referred to in Article 6 of the present Convention, A.T.A. carnets valid for its territory and issued and used in accordance with the conditions laid down in the present Convention, for goods temporarily imported under:

a) the Customs Convention on the temporary importation of professional equipment, done at Brussels on 8th June 1961,

b) the Customs Convention concerning facilities for the importation of goods for display or use at exhibitions, fairs,

svipuð tækifæri, gerður í Brüssel 8. júní 1961.

svo framarlega sem ríkið er aðili að þessum samningum.

2. Sérhvert samningsríki má einnig veita viðtöku A.T.A. ábyrgðarskjölum, sem gefin eru út og notuð samkvæmt sömu skilmálum til innflutnings á vörum um stundarsakir, samkvæmt alþjóðasamningum um tímabundinn innflutning eða samkvæmt tímabundnum innflutningsheimildum, sem hafa stoð í lögum og reglugerðum landsins sem flytur inn.

3. Sérhver samningsaðili má veita viðtöku A.T.A. ábyrgðarskjölum við gegnumflutning, sem eru útgefin og notuð með sömu skilmálum.

4. Óheimilt er að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjal yfir vörur, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu eða til viðgerðar.

meetings or similar events, done at Brussels on 8th June 1961,

in so far as it is a Contracting Party to those Conventions.

2. Each Contracting Party may also accept A.T.A. carnets, issued and used under the same conditions, for goods temporarily imported under other international temporary importation Conventions or for temporary admission procedures under its national laws and regulations.

3. Each Contracting Party may accept A.T.A. carnets issued and used under the same conditions for transit.

4. Goods intended for processing or repair shall not be imported under cover of A.T.A. carnets.

III. KAFLI
Útgáfa og notkun A.T.A. ábyrgðarskjala.

4. gr.

1. Óheimilt er útgáfusamtökum að gefa út A.T.A. ábyrgðarskjöl með lengri gildistíma en eitt ár frá útgáfudegi. Á kápu A.T.A. ábyrgðarskjalsins skal skýrt tekið fram í hvaða löndum skjalið hefur gildi og nöfn samsvarandi ábyrgðarsamtaka.

2. Þegar A.T.A. ábyrgðarskjal hefur verið gefið út, er óheimilt að bæta nýjum vöruheitum við vöruupptalningu á bakhlið kápusíðu ábyrgðarskjalsins eða á hvers konar framhaldsblaðsíðu, sem hefur verið skeytt við. (Almennur listi).

5. gr.

Ekki má tilgreina lengri tíma, en gildistíma A.T.A. ábyrgðarskjalsins við ákvörðun um hvenær endursending skal eiga sér stað á vörum, sem fluttar hafa verið inn samkvæmt skilmálum A.T.A. ábyrgðarskjalsins.

Chapter III.
Issue and use of A.T.A. carnets.

Article 4.

1. Issuing associations shall not issue A.T.A. carnets with a period of validity exceeding one year from the date of issue. They shall indicate on the cover of the A.T.A. carnet the countries in which it is valid and the names of the corresponding guaranteeing associations.

2. Once an A.T.A. carnet has been issued no extra item shall be added to the list of goods enumerated on the reverse of the front cover of the carnet, or on any continuation sheets annexed thereto (General List).

Article 5.

The period fixed for the re-exportation of goods imported under cover of an A.T.A. carnet shall not in any case exceed the period of validity of that carnet.

IV. KAFLI
Ábyrgðarsamtök.

6. gr.

1. Sérhver ábyrgðarsamtök skulu skuldbinda sig til að greiða tollyfirvöldum í því landi, þar sem þau eru stofnsett, þá upphæð, sem jafngildir tollgjöldum og hverskonar öðrum fjárhæðum, verði um vanefndir á þeim skilmálum, sem settir eru við innflutning um stundarsakir, eða við gegnumflutning á þeim vörum, sem innfluttar eru, samkvæmt A.T.A. ábyrgðarskjali gefnu út af samsvarandi útgáfusamtökum. Ábyrgðarsamtökin skulu bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn með þeim aðilum, sem skulda nefndar greiðslur.

2. Ábyrgð ábyrgðarsamtaka skal ekki nema hærri fjárhæð en tollgjöld að viðbættum tíu prósentum.

3. Þegar tollyfirvöld innflutningslandsins hafa án skilyrða gefið eftir ábyrgðarkröfu A.T.A. ábyrgðarskjals um vissar vörur, þá geta þessi yfirvöld ekki haldið sér að ábyrgðarsamtökunum með greiðslu samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar. Þrátt fyrir þetta má hafa uppi kröfu gagnvart ábyrgðarsamtökum, ef leitt er í ljós, að eftirgjöf á ábyrgð A.T.A. skjalsins var fengin með ósæmilegum eða sviksamlegum hætti, eða eigi hafi verið fylgt þeim skilyrðum, sem innflutningur um stundarsakir eða gegnumflutningur leyfði.

4. Tollyfirvöld skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum, krefja ábyrgðarsamtökin um greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem vísað er til í 1. málsgrein þessarar greinar, ef krafa hefur ekki verið höfð uppi gagnvart ábyrgðarsamtökunum innan árs, frá þeim degi sem ábyrgðarskjalið féll úr gildi.

V. KAFLI
Fullnæging á skuldbindingu samkvæmt A.T.A. ábyrgðarskjali.

7. gr.

1. Frá þeim degi, sem tollyfirvöld setja fram kröfu um greiðslu á fjár-

Chapter IV.
Guarantee.

Article 6.

1. Each guaranteeing association shall undertake to pay to the Customs authorities of the country in which it is established the amount of the import duties and any other sums payable in the event of non-compliance with the conditions of temporary admission, or of transit, in respect of goods introduced into that country under cover of A.T.A. carnets issued by a corresponding issuing association. It shall be liable jointly and severally with the persons from whom the sums mentioned above are due, for payment of such sums.

2. The liablity of the guaranteeing association shall not exceed the amount of the import duties by more than ten per cent.

3. When the Customs authorities of the country of importation have unconditionally discharged an A.T.A. carnet in respect of certain goods they can no longer claim from the guaranteeing association payment of the sums referred to in paragraph 1 of this Article in respect of these goods. A claim may nevertheless still be made against the guaranteeing association if it is subsequently discovered that the discharge of the carnet was obtained improperly or fraudulently or that there had been a breach of the conditions of temporary admission or of transit.

4. Customs authorities shall not in any circumstances require from the guaranteeing association payment of the sums referred to in paragraph 1 of this Article if a claim has not been made against the guaranteeing association within a year of the date of expiry of the validity of the carnet.

Chapter V.
Regularisation of A.T.A. carnets.

Article 7.

1. The guaranteeing association shall have a period of six months from the date

hæðum samkvæmt 1. málsgrein 6. greinar þessa samnings, skulu ábyrgðarsamtökin fá sex mánaða frest, til þess að leggja fram sönnun um endursendingu á vörum samkvæmt skilmálum þessa samnings, eða að einhvers konar önnur lögleg afgreiðsla á A.T.A. ábyrgðarskjalinu hafi átt sér stað.

2. Ef slík sönnun fæst ekki innan frestsins, sem veittur er, skulu ábyrgðarsamtökin leggja fram fjárhæðina til geymslu eða sem bráðabirgðagreiðslu. Þetta geymslufé eða bráðabirgðagreiðsla verður að endanlegri greiðslu þremur mánuðum frá þeim degi, sem fjárhæðin er sett í geymslu eða greidd til bráðabirgða. Á meðan seinni fresturinn er eigi útrunninn geta ábyrgðarsamtökin enn lagt fram sannanir samkvæmt fyrri málsgreininni, til þess að fá endurgreitt geymsluféð eða bráðabirgðagreiðsluna.

3. Greiðslur í samræmi við ákvæði síðustu málsgreinar, skulu taldar endanlegar í þeim löndum, þar sem lög og reglugerðir heimila ekki að tollgjöld séu sett í geymslu eða greidd til bráðabirgða. Fjárhæðin skal þó endurgreidd, ef sönnun samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar fæst innan þriggja mánaða frá greiðsludegi.

of the claim made by the Customs authorities for the sums referred to in paragraph 1 of Article 6 of the present Convention in which to furnish proof of the re-exportation of the goods under the conditions laid down in the present Convention or of any other proper discharge of the A.T.A. carnet.

2. If such proof is not furnished within the time allowed the guaranteeing association shall forthwith deposit, or pay provisionally, such sums. This deposit or payment shall become final after a period of three months from the date of the deposit or payment. During the latter period the guaranteeing association may still furnish the proof referred to in the preceding paragraph with a view to recovery of the sums deposited or paid.

3. For countries whose laws and regulations do not provide for the deposit or provisional payment of import duties, payments made in conformity with the provisions of the preceding paragraph shall be regarded as final, but the sums paid shall be refunded if the proof referred to in paragraph 1 of this Article is furnished within three months of the date of the payment.

8. gr.

1. Sönnun um endursendingu vara, sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjals, skal fengin með endursendingarvottorði, sem útfyllt er í ábyrgðarskjalinu af tollyfirvöldum þess lands, sem vörurnar eru fluttar inn í um stundarsakir.

2. Ef endursending vara hefur ekki verið staðfest í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar, geta tollyfirvöld innflutningslandsins, jafnvel þótt gildistími ábyrgðarskjalsins, hafi nú þegar runnið út, veitt viðtöku, sem sönnun um endursendingu vara:

a) upplýsingum, sem tollyfirvöld annars samningsaðila hafa skráð í ábyrgðarskjalið við innflutning eða endursendingu eða samkvæmt vottorði gefið

Article 8.

1. Evidence of re-exportation of goods imported under cover of an A.T.A. carnet shall be provided by the re-exportation certificate completed in that carnet by the Customs authorities of the country into which the goods were temporarily imported.

2. If the re-exportation of goods has not been certified in accordance with paragraph 1 of this Article, the Customs authorities of the country of importation may, even if the period of validity of the carnet has already expired, accept as evidence of re-exportation of the goods:

a) the particulars entered by the Customs authorities of another Contracting Party in the A.T.A. carnet on importation or re-importation or a certificate

út af þessum yfirvöldum og byggt er á þeim upplýsingum, sem skráðar eru á fylgiskjal, sem tekið hefur verið úr ábyrgðarskjalinu við innflutning eða endurflutning í land þeirra, með því skilyrði að upplýsingarnar fjalli sannanlega um innflutning eða endurinnflutning, sem hafi átt sér stað á eftir endursendingu þeirri, sem ætlunin er að sanna.

b) hverskonar skjalfastri sönnun um að vörurnar séu ekki lengur í landinu.

3. Í hverju því tilfelli, sem tollyfirvöld samningsaðila falla frá skilyrðum um endursendingu ákveðinna vara, sem fluttar eru inn í land þeirra samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjala, skulu ábyrgðarsamtökin aðeins losna undan skuldbindingum sínum, þegar þessi yfirvöld hafa vottfest í ábyrgðarskjalinu að skilmálum um þessar vörur hafi verið fullnægt.

9. gr.

Tollyfirvöld skulu hafa heimild til að taka sérstaka fyrirgreiðsluþóknun í þeim tilvikum, sem greint er frá í 2. málsgrein 8. greinar þessa samnings.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Vottorð tollyfirvalda á A.T.A. ábyrgðarskjöl, sem notuð eru samkvæmt þeim skilmálum sem þessi samningur felur í sér, hafa ekki í för með sér afgreiðsluþóknun til tollyfirvalda ef þau eru gefin út á venjulegum afgreiðslutíma tollskrifstofa og stöðvar.

11. gr.

Í því tilviki, að A.T.A. ábyrgðarskjal eyðileggist, týnist eða er stolið á meðan vörurnar, sem skjalið nær til, eru í landi eins samningsaðila, skulu tollyfirvöld þess samningsaðila veita viðtöku, samkvæmt beiðni útgáfusamtaka og í samræmi við skilyrði, sem slík yfirvöld kunna að setja, öðru skjali, sem fellur

issued by those authorities based on the particulars entered on a voucher which has been detached from the carnet on importation or on re-importation into their territory, provided that the particulars relate to an importation or re-importation which can be proved to have taken place after the re-exportation which it is intended to establish;

b) any other documentary proof that the goods are outside that country.

3. In any case in which the Customs authorities of a Contracting Party waive the requirement of re-exportation of certain goods admitted into their territory under cover of an A.T.A. carnet, the guaranteeing association shall be discharged from its obligations only when those authorities have certified in the carnet that the position regarding those goods has been regularised.

Article 9.

In the case referred to in paragraph 2 of Article 8 of the present Convention, the Customs authorities shall have the right to charge a regularisation fee.

Chapter VI.

Miscellaneous provisions.

Article 10.

Customs certificates on A.T.A. carnets used under the conditions laid down in the present Convention shall not be subject to the payment of charges for Customs attendance at Customs offices and posts during the normal hours of business.

Article 11.

In the case of the destruction, loss or theft of an A.T.A. carnet while the goods to which it refers are in the territory of one of the Contracting Parties, the Customs authorities of that Contracting Party shall, at the request of the issuing association and subject to such conditions as those authorities may prescribe, accept

úr gildi þann sama dag og A.T.A. ábyrgðarskjalið, sem það kemur í staðinn fyrir.

12. gr.

1. Þegar ekki er hægt að endursenda vörur, sem fluttar hafa verið inn um stundarsakir vegna upptöku opinberra aðila, en ekki einkaaðila, fellur endursendingarskyldan niður á meðan upptakan varir.

2. Tollyfirvöld skulu eins og frekast er mögulegt, tilkynna ábyrgðarsamtökunum um upptökur sem þau framkvæma eða framkvæmdar eru þeirra vegna á vörum, sem fluttar hafa verið inn samkvæmt ákvæðum A.T.A. ábyrgðarskjala og ábyrgzt er af ábyrgðarsamtökunum og jafnframt tilkynna þeim hvaða ráðstafanir ætlunin er að gera.

13. gr.

A.T.A. ábyrgðarskjöl eða hlutar af A.T.A. ábyrgðarskjölum, sem ætlað er til útgáfu í þeim löndum, sem þau eru flutt til og send eru útgáfusamtökum af samsvarandi erlendum samtökum, af alþjóðasamtökum eða tollyfirvöldum samningsaðila, skulu flutt inn án tolla og án nokkurrar hindrunar eða takmörkunar. Samsvarandi fyrirgreiðslu skal veita við útflutning.

14. gr.

Skoða má lönd þeirra samningsaðila, sem mynda saman tolla- eða efnahagsbandalag, sem eitt landssvæði samkvæmt þessum samningi.

15. gr.

Verði um svik, lögbrot eða misbeitingu við notkun A.T.A. ábyrgðarskjala að ræða, er samningsaðilum heimilt, þrátt fyrir ákvæði þessa samnings, að hefja málsókn gegn brotlegum aðilum, til innheimtu á tollum og öðrum gjöldum, og einnig til að koma fram refsingu, sem slíkir aðilar hafa fellt á sig. Í slíkum

a replacement document, the validity of which expires on the same date as that of the carnet which it replaces.

Article 12.

1. When goods temporarily imported cannot be re-exported as a result of a seizure, other than a seizure made at the suit of private persons, the requirement of re-exportation shall be suspended for the duration of the seizure.

2. The Customs authorities shall, so far as possible, notify the guaranteeing association of seizures made by them or on their behalf of goods admitted under cover of A.T.A. carnets guaranteed by that association and shall advise it of the measures they intend to take.

Article 13.

A.T.A. carnets or parts of A.T.A. carnets intended to be issued in the country into which they are imported and which are sent to an issuing association by a corresponding foreign association, by an international organisation or by the Customs authorities of a Contracting Party, shall be admitted free of import duties and free of any import prohibitions or restrictions. Corresponding facilities shall be granted at exportation.

Article 14.

For the purposes of the present Convention the territories of Contracting Parties which form a Customs or economic union may be taken to be a single territory.

Article 15.

In the event of fraud, contravention or abuse, the Contracting Parties shall, notwithstanding the provisions of the present Convention, be free to take proceedings against persons using A.T.A. carnets, for the recovery of the import duties and other sums payable and also for the imposition of any penalties to which such persons have rendered themselves liable. In such cases the associa-

tilfellum skulu samtökin ljá tollyfirvöldum aðstoð sína.

16. gr.

Litið skal á viðaukann við þennan samning sem hluta af samningnum.

17. gr.

Ákvæði þessa samnings gefa til kynna þá lágmarksfyrirgreiðslu, sem veita skal, en hindra ekki að frekari fyrirgreiðsla sé veitt af einstökum samningsaðilum eða verði veitt í framtíðinni með einhliða ákvörðunum eða vegna tvíhliða og marghliða samninga.

VII. KAFLI

Lokaákvæði:

18. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma saman til fundar þegar nauðsyn krefur, til að fjalla um reynsluna af þessum samningi, og sér í lagi til viðræðna um aðgerðir, sem tryggja samræmda stefnu við skýringu og framkvæmd þessa samnings.

2. Slíkir fundir skulu boðaðir af framkvæmdastjóra ráðsins, að beiðni einhvers samningsaðila. Fundir skulu haldnir í höfuðstöðvum ráðsins nema samningsaðilar ákveði annað.

3. Samningsaðilar skulu ákveða reglur um fundarsköp þessara funda. Ákvarðanir samningsaðila skulu teknar af minnst ⅔ hluta samningsaðila, sem sækja fund og greiða atkvæði.

4. Samningsaðilar skulu ekki taka ákvörðun í neinu máli nema að minnsta kosti helmingur þeirra sé viðstaddur.

19. gr.

1. Sérhvern ágreining milli samningsaðila varðandi skýringu eða framkvæmd þessa samnings, skal reynt að leysa með samningum ef unnt er.

tions shall lend their assistance to the Customs authorities.

Article 16.

The Annex to the present Convention shall be construed to be an integral part of the Convention.

Article 17.

The provisions of the present Convention set out the minimum facilities to be accorded and do not prevent the application of greater facilities which certain Contracting Parties grant or may grant in future by unilateral provisions or in virtue of bilateral and multilateral agreements.

Chapter VII.

Final provisions.

Article 18.

1. The Contracting Parties shall meet together when necessary in order to consider the operation of the present Convention and, in particular, in order to consider measures to secure uniformity in the interpretation and application of the present Convention.

2. Such meetings shall be convened by the Secretary General of the Council at the request of any Contracting Party. Unless the Contracting Parties otherwise decide, the meetings shall be held at the Headquarters of the Council.

3. The Contracting Parties shall lay down the rules of procedure for their meetings. Decisions of the Contracting Parties shall be taken by a majority of not less than two-thirds of the Contracting Parties present at the meeting and voting.

4. The Contracting Parties shall not take a decision on any matter unless more than half of them are present.

Article 19.

1. Any dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of the present Convention shall so far as possible be settled by negotiation between them.

2. Sérhverjum ágreiningi, sem ekki leysist með samningum, skal vísað af viðkomandi samningsaðilum til fundar samningsaðila í samræmi við 18. grein þessa samnings, sem skal því næst taka málið til meðferðar og bera fram tillögur til lausnar ágreiningnum.

3. Viðkomandi samningsaðilar geta fyrirfram samþykkt að líta á tillögur samningsaðila sem bindandi fyrir sig.

20. gr.

1. Sérhvert meðlimaríki ráðsins og sérhvert meðlimaríki Sameinuðu þjóðanna eða sérstofnana þeirra geta orðið samningsaðili að þessum samningi:

a) með undirritun samningsins án fyrirvara um fullgildingu,
b) með afhendingu fullgildingarskjals eftir að hafa undirritað samninginn með fyrirvara um fullgildingu eða
c) með aðild að samningnum.

2. Þau ríki, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessarar greinar skulu eiga rétt á að undirrita þennan samning í höfuðstöðvum ráðsins í Brüssel fram til 31. júlí 1962. Eftir þann tíma geta ofangreind ríki orðið aðilar að samningnum.

3. Í því tilviki, sem vikið er að í b lið 1. málsgreinar þá skal fullgilding þessara ríkja, sem undirritað hafa samninginn vera háð stjórnskipunarlögum þeirra.

4. Sérhvert ríki, sem ekki er meðlimur þeirra samtaka, sem nefnd eru í 1. málsgrein þessarar greinar og fengið hefur boð framkvæmdastjóra ráðsins samkvæmt beiðni samningsaðila, getur orðið samningsaðili að þessum samningi, með því að gerast aðili eftir að hann gengur í gildi.

5. Fullgildingar eða aðildarskjöl skulu afhendast framkvæmdastjóra ráðsins.

21. gr.

1. Þessi samningur skal taka gildi þremur mánuðum eftir að fimm þeirra

2. Any dispute which is not settled by negotiation shall be referred by the Contracting Parties in dispute to the Contracting Parties, meeting in conformity with Article 18 of the present Convention, which shall thereupon consider the dispute and make recommendations for its settlement.

3. The Contracting Parties in dispute may agree in advance to accept the recommendations of the Contracting Parties as binding.

Article 20.

1. Any State Member of the Council and any State Member of the United Nations or its specialised agencies may become a Contracting Party to the present Convention:

a) by signing it without reservation of ratification;
b) by depositing an instrument of ratification after signing it subject to ratification; or
c) by acceding to it.

2. The present Convention shall be open until 31st July, 1962, for signature at the Headquarters of the Council in Brussels, by the States referred to in paragraph 1 of this Article. Thereafter, it shall be open for their accession.

3. In the case envisaged in paragraph 1 (b) of this Article, the present Convention shall be subject to ratification by the signatory States in accordance with their constitutional procedures.

4. Any State, not being a Member of the Organisations referred to in paragraph 1 of this Article, to which an invitation to that effect has been addressed by the Secretary General of the Council at the request of the Contracting Parties, may become a Contracting Party to the present Convention by acceding thereto after its entry into force.

5. The instruments of ratification or accession shall be deposited with the Secretary General of the Council.

Article 21.

1. The present Convention shall enter into force three months after five of the

ríkja, sem nefnd eru í 1. málsgrein 20. greinar samningsins, hafa undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín.

2. Fyrir sérhvert ríki, sem fullgildir eða gerist aðili að þessum samningi eftir að fimm ríki hafa undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, þá gengur samningurinn í gildi 3 mánuðum eftir að ríkið hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín.

States referred to in paragraph 1 of Article 20 thereof have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession.

2. For any State signing without reservation of ratification, ratifying or acceding to the present Convention after five States have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession, the present Convention shall enter into force three months after the said State has signed without reservation of ratification or deposited its instrument of ratification or accession.

22. gr.

1. Þessi samningur hefur ótakmarkaðan gildistíma, en sérhvert ríki getur sagt honum upp, hvenær sem er eftir að samningurinn hefur tekið gildi samkvæmt 21. grein.

2. Uppsögnin skal tilkynnt með skriflegu skjali, sem afhent er framkvæmdastjóra ráðsins.

3. Uppsögnin tekur gildi sex mánuðum eftir að uppsagnarskjalið hefur verið móttekið af framkvæmdastjóra ráðsins.

4. Þegar samningsaðili segir þessum samningi upp í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar eða afhendir tilkynningu í samræmi við b lið 23. greinar eða 2. málsgrein 25. greinar þessa samnings, þá skal sérhvert A.T.A. ábyrgðarskjal, sem gefið er út, áður en uppsögnin eða tilkynningin tekur gildi, vera gilt og einnig ábyrgð ábyrgðarsamtakanna.

Article 22.

1. The present Convention is of unlimited duration. However any Contracting Party may denounce it at any time after the date of its entry into force under Article 21 thereof.

2. The denunciation shall be notified by an instrument in writing, deposited with the Secretary General of the Council.

3. The denunciation shall take effect six months after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary General of the Council.

4. Where a Contracting Party denounces the present Convention in accordance with paragraph 1 of this Article, or makes a notification under paragraph 2 (b) of Article 23 or paragraph 2 of Article 25 of the present Convention, any A.T.A. carnet issued before the date when the denunciation or notification takes effect shall remain valid and the guarantee of the guaranteeing association shall hold good.

23. gr.

1. Við undirritun, fullgildingu eða við aðild að þessum samningi eða eftir þann tíma skal sérhvert ríki, sem ákveður að viðurkenna A.T.A. ábyrgðarskjöl í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgreina, 3. greinar þessa samnings, tilkynna það framkvæmdastjóra ráðsins og tilgreina í hvaða tilfellum það skuldbindur sig að veita A.T.A. ábyrgðarskjölum móttöku,

Article 23.

1. At the time of signing, ratifying or acceding to the present Convention or thereafter, any State deciding to accept A.T.A. carnets in accordance with the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 3 of the present Convention, shall notify the Secretary General of the Council, specifying the cases in which it undertakes to accept A.T.A. carnets and

og einnig tilkynna frá og með hvaða degi slík viðurkenning gengur í gildi.

2. Samsvarandi tilkynningar má beina til framkvæmdastjóra ráðsins til að:

a) auka gildissvið einhverra fyrri tilkynninga,
b) með hliðsjón af 4. málsgrein 22. greinar þessa samnings, að takmarka gildissvið eða segja upp fyrri tilkynningum.

24. gr.

1. Á fundi í samræmi við 18. grein þessa samnings geta samningsaðilar mælt með breytingum á honum.

2. Framkvæmdastjóri ráðsins skal koma á framfæri texta með þeim breytingum, sem mælt er með, við alla samningsaðila, við öll önnur ríki, sem hafa undirskrifað eða gerzt aðilar að honum, við framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, við Samningsaðila að GATT og við UNESCO.

3. Innan sex mánaða frá þeim degi er breytingin sem mælt er með hefur verið komið á framfæri, getur sérhver samningsaðili tilkynnt framkvæmdastjóra ráðsins,

a) að hann leggist gegn breytingunni sem mælt er með,
b) að enda þótt hann ætli að samþykkja breytinguna sem mælt er með þá séu skilyrði fyrir slíku samþykki ekki enn fyrir hendi í hans landi.

4. Ef samningsaðili sendir framkvæmdastjóra ráðsins orðsendingu á þann hátt, sem greint er frá í 3. málsgrein (b) þessarar greinar, leyfist honum, svo framarlega sem hann hefur ekki tilkynnt framkvæmdastjóranum, að hann samþykki breytinguna sem mælt er með, að bera fram mótmæli gegn breytingunni innan níu mánaða eftir að sex mánaða fresturinn rennur út sem vísað er til í 3. málsgrein þessarar greinar.

5. Ef mótmæli eru sett fram gegn breytingunni sem mælt er með, í samræmi við skilyrði 3. og 4. málsgreinar þessarar greinar, skal litið svo á að breytingin

stating the date from which such acceptance takes effect.

2. Similar notifications may be addressed to the Secretary General of the Council to:

a) extend the scope of any previous notifications; or
b) subject to paragraph 4 of Article 22 of the present Convention, restrict the scope of, or cancel any previous notifications.

Article 24.

1. The Contracting Parties meeting in conformity with Article 18 of the present Convention may recommend amendments thereto.

